

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 17. desember 1996

um breytingu á ákvörðun 95/408/EB um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, á tilteknu aðlögunartímabili, yfir starfsstöðvar þriðju landa sem innflutningur aðildarríkjanna á tilteknum afurðum úr dýraríkinu, fiskafurðum og lifandi samlokum (tvískelja lindýrum) er heimilaður frá

(97/34/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 95/408/EB frá 22. júní 1995 um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, á tilteknu aðlögunartímabili, yfir starfsstöðvar þriðju landa sem innflutningur aðildarríkjanna á tilteknum afurðum úr dýraríkinu, fiskafurðum og lifandi samlokum (tvískelja lindýrum) er heimilaður frá ⁽¹⁾, einkum 9. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Aðlögunartímabilinu sem hófst með ákvörðun 95/408/EB lýkur 31. desember 1996. Gerð skráa um starfsstöðvar þriðju landa, sem innflutningur aðildarríkjanna á tilteknum afurðum er heimilaður frá í samræmi við tilskipanir um heilbrigðisreglur um þessar afurðir, hefur verið frestað af stjórnsýsluástæðum.

Til að koma í veg fyrir röskun hefðbundinna viðskipta ber að framlengja það aðlögunartímabil þegar heimilt er að nota einfaldaða kerfið fyrir viðurkenningu starfsstöðva þriðju

landa sem flytja út tilteknar afurðir úr dýraríkinu, fiskafurðir eða lifandi samlokur (tvískelja lindýr).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað „31. desember 1996“ í 9. gr. ákvörðunar ráðsins 95/408/EB kemur „31. desember 1998“.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

I. YATES

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 243, 11. 10. 1995, bls. 17.